

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/874**2017/EES/67/64**

frá 22. maí 2017

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á bótani (E 943a), ísóbótani (E 943b) og própani (E 944) í litarefnablöndur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, matvælabragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Umsókn um leyfi fyrir notkun á bótani (E 943a), ísóbótani (E 943b) og própani (E 944) sem drifefni í litarefnablöndur í II. flokki og III. flokki, eins og skilgreint er í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, var lögð fram 26. janúar 2016. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Bótan, ísóbótan og própan, sem eru notuð sem drifefni, geta myndað nægan þrýsting til að úða litarefnablöndum í því skyni að ná viðeigandi, jafnri litabekju á matvæli.
- 5) Vísindanefndin um matvæli lagði mat á öryggi própans, bótans og ísóbótans sem útdráttarleysa árið 1991 og komst að þeirri niðurstöðu að slík notkun væri ásættanleg ef gildi leifa í matvælum væru 1 mg/kg fyrir hvert efni ⁽³⁾.
- 6) Vísindanefndin um matvæli veitti álit sitt um própan, bótan og ísóbótan sem drifefni fyrir jurtaolíu á úðaformi til matargerðar og ýrulausnaríða, að stofni til úr vatni, til matargerðar ⁽⁴⁾ á árinu 1999 og komst að þeirri niðurstöðu að miðað við lág gildi drifefnaleifa skipti notkun við bökun og steikingu ekki máli í eiturefnafræðilegu tilliti.
- 7) Greiningargögn, sem umsækjandinn lagði fram, staðfestu að einni klukkustundu eftir að ýmiss konar matvæli eru úðuð eru leifar bótans (E 943a), ísóbótans (E 943b) og própans (E 944) undir mörkunum 1 mg/kg.
- 8) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á bótani (E 943a), ísóbótani (E 943b) og própani (E 944) sem drifefni í litarefnablöndur telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 134, 23.5.2017, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjútíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 29. ritröð, 1992.

⁽⁴⁾ „Opinion on propane, butane and iso-butane as propellant gases for vegetable oil-based aerosol cooking sprays and water-based emulsion cooking sprays“. Vísindanefndin um matvæli, 29.3.1999.

- 9) Því er rétt að leyfa notkun á bótani (E 943a), ísóbótani (E 943b) og própani (E 944) sem drifefni í litarefnablöndur í II. flokki og III. flokki, eins og skilgreint er í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Vegna áhættu á íkviknun og þess tíma sem þarf til að minnka magn drifefna niður fyrir mörkin 1 mg/kg er rétt að veita þetta leyfi eingöngu til nota í atvinnuskyni til að tryggja að farið sé að stöðluðum aðferðarlýsingum í iðnaði og að tíminn milli úðunar og neyslu sé nægjanlega langur til að uppfylla ásættalegt gildi fyrir leifar.
- 10) Því ætti að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í 2. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætast eftirfarandi færslur við á eftir færslunni fyrir E 903:

„E 943a	Bútan	1 mg/kg í endanlegum matvælum	Litarefnablöndur í II. flokki og III. flokki eins og skilgreint er í C-hluta II. viðauka (eingöngu til nota í atvinnuskyni)
E 943b	Ísóbútan	1 mg/kg í endanlegum matvælum	Litarefnablöndur í II. flokki og III. flokki eins og skilgreint er í C-hluta II. viðauka (eingöngu til nota í atvinnuskyni)
E 944	Própan	1 mg/kg í endanlegum matvælum	Litarefnablöndur í II. flokki og III. flokki eins og skilgreint er í C-hluta II. viðauka (eingöngu til nota í atvinnuskyni) ⁶⁴